# Orkuveita Reykjavíkur

Samstæða

Samandreginn árshlutareikningur

1. janúar til 31. mars 2105

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Heildarafkoma | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2015 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja. Árshlutareikningur þessi er ekki kannaður af endurskoðanda fyrirtækisins. Árshlutareikningur var ekki gerður fyrir sama tímabil árið 2014 og því eru ekki birtar samanburðarfjárhæðir vegna reksturs.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2015 nam 3.276 milljónum kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 309.170 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12. 2014: 299.330 milljónir kr.). Eigið fé nam 106.923 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12. 2014: 99.410 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 34,6% (31.12. 2014 33,2%).

| Í upphafi ársins sem og í árslok voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru: | Eignarhluti |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 93,539% |
| Akraneskaupstaður | 5,528% |
| Borgarbyggð | 0,933% |

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Að áliti stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. mars 2015 og rekstrarafkomu samstæðunnar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2015.

Reykjavík, 28. maí 2015.

Í stjórn fyrirtækisins:
*Haraldur Flosi Tryggvason*
*Brynhildur Davíðsdóttir*
*Valdís Eyjólfsdóttir*
*Gylfi Magnússon*
*Kjartan Magnússon*

Forstjóri:

*Bjarni Bjarnason*

# Rekstrarreikningur
# 1. janúar til 31. mars 2015

| | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 11.039.959 |
| Söluhagnaður | 9.325 |
| Rekstrartekjur samtals | 11.049.284 |
| Orkukaup og orkuflutningur | ( 1.868.054) |
| Laun og launatengd gjöld | ( 1.096.453) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 854.807) |
| Rekstrargjöld samtals | ( 3.819.314) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | 7.229.970 |
| Afskriftir | ( 2.399.343) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 4.830.627 |
| Vaxtatekjur | 122.088 |
| Vaxtagjöld | ( 1.094.634) |
| Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum | 164.246 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 808.299) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 4.022.328 |
| Tekjuskattur | ( 746.263) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 3.276.065 |

# Heildarafkoma
# 1. janúar til 31. mars 2015

| | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 3.276.065 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning** | |
| Þýðingarmunur | 4.236.809 |
| | 4.236.809 |
| Tekjur og gjöld færð beint á eigið fé, eftir skatta | 4.236.809 |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | 7.512.874 |

# Efnahagsreikningur 31. mars 2015

| | 31.3. 2015 | 31.12. 2014 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 274.373.185 | 265.929.409 |
| Óefnislegar eignir | 1.335.638 | 1.333.728 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 59.189 | 59.189 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 2.236.179 | 2.236.179 |
| Áhættuvarnarsamningar | 374.244 | 656.173 |
| Aðrar fjáreignir | 9.186.457 | 8.480.317 |
| Tekjuskattseign | 2.687.844 | 2.674.881 |
| Fastafjármunir samtals | 290.252.736 | 281.369.876 |
| Birgðir | 482.449 | 434.943 |
| Viðskiptakröfur | 6.380.993 | 4.632.281 |
| Áhættuvarnarsamningar | 504.766 | 237.282 |
| Aðrar skammtímakröfur | 874.560 | 508.560 |
| Bundnar innstæður | 1.500.000 | 3.000.144 |
| Handbært fé | 9.174.406 | 9.147.113 |
| Veltufjármunir samtals | 18.917.174 | 17.960.323 |
| **Eignir samtals** | 309.169.911 | 299.330.199 |
| **Eigið fé** | | |
| Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna | 71.837.639 | 69.446.324 |
| Gangvirðisreikningur | 1.760.000 | 1.760.000 |
| Þýðingarmunur | 5.373.089 | 4.235.355 |
| Óráðstafað eigið fé | 27.952.009 | 23.968.184 |
| **Eigið fé samtals** | 106.922.738 | 99.409.863 |
| **Skuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 163.343.503 | 164.157.105 |
| Lífeyrisskuldbinding | 541.460 | 520.264 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | 3.244.919 | 2.377.756 |
| Áhættuvarnarsamningar | 2.636.400 | 1.842.134 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 5.456.605 | 4.529.006 |
| Langtímaskuldir samtals | 175.222.886 | 173.426.264 |
| Viðskiptaskuldir | 1.829.088 | 1.826.346 |
| Vaxtaberandi skuldir | 18.202.702 | 19.766.122 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | 985.432 | 649.933 |
| Áhættuvarnarsamningar | 1.850.220 | 1.194.980 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 4.156.845 | 3.056.691 |
| Skammtímaskuldir samtals | 27.024.287 | 26.494.072 |
| **Skuldir samtals** | 202.247.173 | 199.920.336 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 309.169.911 | 299.330.199 |

# Eiginfjáryfirlit
# 1. janúar til 31. mars 2015

| 1.1.-31.3. 2015 | Endurmats-reikningur rekstrarfjármuna | Gangvirðis-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2015 | 69.446.324 | 1.760.000 | 4.235.355 | 23.968.184 | 99.409.863 |
| Leiðrétting milli eiginfjárlykla 1.1.2015 | 1.420.868 | | (1.420.868) | | 0 |
| Þýðingarmunur | 1.678.207 | | 2.558.602 | | 4.236.809 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 3.276.065 | 3.276.065 |
| Heildarafkoma | 3.099.075 | 0 | 1.137.734 | 3.276.065 | 7.512.874 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta | ( 707.761) | | | 707.761 | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2015 | 71.837.638 | 1.760.000 | 5.373.089 | 27.952.009 | 106.922.737 |

| 1.1.-31.12. 2014 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2014 | 66.354.727 | 2.302.248 | 0 | 12.312.122 | 80.969.097 |
| Endurmat, hækkun | 7.600.000 | | | | 7.600.000 |
| Endurmat, lækkun | ( 253.603) | | | | ( 253.603) |
| Tekjuskattsáhrif af endurmati | (1.469.279) | | | | ( 1.469.279) |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu | | ( 542.248) | | | ( 542.248) |
| Þýðingarmunur | | | 4.235.355 | | 4.235.355 |
| Hagnaður ársins | | | | 8.870.541 | 8.870.541 |
| Heildarafkoma | 5.877.118 | ( 542.248) | 4.235.355 | 8.870.541 | 18.440.766 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta | (2.785.521) | | | 2.785.521 | 0 |
| Eigið fé 31. desember 2014 | 69.446.324 | 1.760.000 | 4.235.355 | 23.968.184 | 99.409.862 |

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. janúar til 31. mars 2015

| | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | |
| Hagnaður tímabilsins | 3.276.065 |
| Leiðrétt fyrir: | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 808.299 |
| Tekjuskattur | 746.263 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 2.399.343 |
| Lífeyrisskuldbinding, hækkun | 21.196 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 7.251.166 |
| | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | ( 45.917) |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | ( 1.939.788) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | 779.688 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 6.045.150 |
| | |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 171.689 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 988.853) |
| Móttekinn arður | 2.390 |
| Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda | 15.336 |
| Handbært fé frá rekstri | 5.245.712 |
| | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 1.086.469) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | ( 26.494) |
| Breyting á bundnum innlánum | 1.500.144 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 387.181 |
| | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | |
| Afborganir langtímaskulda | ( 3.966.219) |
| Skammtímalán, lækkun | ( 1.693.456) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 5.659.674) |
| | |
| **Breyting á handbæru fé** | ( 26.782) |
| | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 9.147.113 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | 54.074 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 9.174.406 |
| | |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 149.246) |
| Skammtímaskuldir, breyting | 149.246 |
| | |
| **Aðrar upplýsingar** | |
| Veltufé frá rekstri | 6.145.214 |

# Skýringar

## 1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samstæðureikningur fyrirtækisins geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar") og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2014. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri staðfestu og heimiluðu birtingu árshlutareikningsins 28. maí 2015.

### b. *Matsaðferðir*

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringum með ársreikningi 2014.

### c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. *Erlendir gjaldmiðlar*

#### i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

#### ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

### e. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

### 3. Starfsþáttayfirlit, frh.,

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf fyrirtækisins. Ekki var tekið saman starfsþáttayfirlit vegna sama tíma árið 2014 og það tímabil er því ekki birt. Starfsþættir sem eru birtir vegna tímabilsins 1. janúar til 31. mars 2015 eru *Veitur,* sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, Orka náttúrunnar vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og gagnaveitunnar.

Við gerð starfsþáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 33 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2014.

| **Rekstrarstarfsþættir - svið 1.1.-31.3. 2015** | **Veitur** | **Orka náttúrunnar** | **Önnur starfsemi** | **Jöfnunar-færslur** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur frá þriðja aðila | 7.127.979 | 3.470.942 | 545.408 | ( 95.045) | 11.049.284 |
| Tekjur innan samstæðu | 506.002 | 845.241 | 910.121 | ( 2.261.364) | 0 |
| Tekjur starfsþátta | 7.633.981 | 4.316.183 | 1.455.529 | ( 2.356.409) | 11.049.284 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | ( 2.672.581) | ( 2.182.001) | ( 1.322.028) | 2.357.296 | ( 3.819.314) |
| Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA | 4.961.400 | 2.134.182 | 133.501 | 886 | 7.229.970 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 1.269.123) | ( 907.034) | ( 223.186) | 0 | ( 2.399.343) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 3.692.277 | 1.227.148 | ( 89.685) | 886 | 4.830.627 |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig: | |
| Vaxtatekjur | 122.088 |
| Vaxtagjöld | ( 909.785) |
| Ábyrgðargjald til eigenda 1) | ( 184.849) |
| Vaxtagjöld samtals | ( 1.094.634) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum | ( 1.202.662) |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur | 728.077 |
| Áhættuvarnarsamningar | ( 1.691.092) |
| Gengismunur | 2.326.275 |
| Arðstekjur | 3.648 |
| Önnur (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum samtals | 164.246 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 808.300) |

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,375% á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,55% á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 185 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2015 og er fært á meðal vaxtagjalda.

**Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur**

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 34 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2014. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 475 milljónum kr.